

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum og lögreglulögum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:
 - a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ef uggvænt þykir að óspektir verði á mótmælafundi, í kröfugöngu eða á annarri slíkri samkomu á opinberum stað er lögreglu heimilt að banna að maður breyti andliti sínu eða hylji það eða hluta þess með grímu, hettu, málningu eða öðru þess háttar sem er til þess fallið að koma í veg fyrir að kennsl verði borin á hann.
 - b. Í stað orðanna „skv. 2. mgr.“ í 3. mgr., sem verður 4. mgr., kemur: skv. 2. og 3. mgr.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „hefur ekki gerst brotlegur“ í b-lið komi: hafa ekki gerst brotleg.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Í stað orðanna „a-, b- og c-liða 2. mgr. 38. gr. laganna“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: a-, b-, c- og d-liðum 2. mgr. 38. gr. laganna.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „1. október 2002“ í 2. efnismgr. komi: 1. maí 2003.

Prentað upp.